



Ungmennasamband Kjalarneßings

ÞINGGERÐ



69. ÁRSPÍNG

STJÖRNUHEIMILINU Í GARÐABÆ

7. FEBRÚAR 1993



68. Ársþing UMSK haldið í Stjörnuheimilinu Garðabæ þann 7. febrúar 1993

1. Þingsetning

Hraunar Danielsson formaður UMSK tók til máls og setti þingið. Hann ræddi meðal annars um 70 ára afmæli UMSK sem haldið var upp á með kaffisamsæti í Félagsheimili Kópavogs á afmælisdaginn, þann 4. október sl.

Pá minntist hann á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var í fyrsta skipti á síðasta ári, en mótt þetta þótti takast mjög vel.

Hann sagði frá flutningi skrifstofu UMSK frá Öldugötu 14 í Íþróttamiðstöðina í Laugardal og þakkaði UMFÍ fyrir veitta aðstöðu undanfarin ár.

Að lokum þakkaði Hraunar Hafsteini Pálssyni fyrir samstarfið undanfarin ár, en Hafsteinn hætti formennsku á árinu vegna kjörs í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Gestir þingsins voru Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Pálmi Gíslason formaður UMFÍ, Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ, Stefán S. Konráðsson aðstoðarframkvæmdastjóri ÍSÍ, Ólína Sveinsdóttir stjórn UMFÍ Jóhann Ólafsson stjórn UMFÍ og Katrín Gunnarsdóttir framkvæmdastjórn UMFÍ.

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Fyrsti þingforseti var kjörin Anna Möller Stjörnunni og annar þingforseti Páll Aðalsteinsson UMFA

3. Kosning þingritara

Þingritrar voru kjörnir Bjarki Már Karlsson Stjörnunni, Ester Jónsdóttir UBK og Guðrún Magnúsdóttir UMFA.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Í kjörbréfanefnd voru kjörnir Höskuldur Gunnarsson Dreng, Sigurjón Guðfinnson KGB og Albert H. N. Valdimarsson HK.



5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Hraunar Danielsson flutti skýrslu stjórnar og er að öðru leyti vísað í skýrsluna sem lá fjöldituð fyrir þinginu.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Ari Hilmarsson flutti reikninga UMSK og vísast einnig í skýrslu stjórnar þar sem reikningarnir eru.

7. Ávörp gesta

Fyrstur tók til máls Pálmi Gíslason formaður UMFÍ. Hann þakkaði fyrir gott boð í þetta glæsilega Stjórnheimili. Hann minntist m.a. á fósturbörnin en árið í ár er síðasta árið í því átaki.

Pá ræddi hann um Unglingalandsmót sem haldið var á Dalvík síðasta sumar. Unglingalandsmótið þótti takast alveg sérlega vel og var hin besta fjölskylduskemmtun, sem verður vonandi framhald á.

Pá minti Pálmi fundarmenn á að Prastarskógar væri eign Ungmennafélaganna og hvatti fundarmenn til að nota skógin meir en nú er gert. Að endingu þakkaði hann góða skýrlsu.

Næstur tók til máls Ellert B. Schram forseti ÍSÍ. Hann greindi frá því að UMSK væri einn stærsti sambandsaðilinn að ÍSÍ og nú væri fráfarandi formaður kominn í stjórn ÍSÍ.

Ellert fjallaði um skattamál Íþróttafélaganna og sagði m.a. að Íþróttafélogin eigi að telja rétt og heiðarlega fram.

Að lokum þakkaði Ellert fyrir góða skýrslu og sagðist vona að UMSK héldi áfram að standa fremst í flokki á Íþróttasviðinu.

8. Álit kjörbréfa-nefndar

Höskuldur Gunnarsson greindí frá störfum kjörbréfanefndar. Alls bárust 16 kjörbréf og las hann því næst upp nöfn fulltrúa og voru eftirtaldir fulltrúar mættir og því rétt skoðaðir fulltrúar fyrir hönd sinna félaga.

Umf. Afturelding

Hilmir Ágústsson
Eyjólfur Árni Rafnsson
Halldóra Káradóttir

UMF. Drengur

Höskuldur Gunnarsson



Umf. Bessastaðahrepps
Kjartan Sigtryggsson
Kristinn Sigurðsson

UMF. Breiðablik
Jón Ingi Ragnarsson
Kristín Guðmundsdóttir
Andrés Pétursson
Hreinn Jónasson
Óttar B. Ellingsen
Haukur Hauksson
Steini Þorvaldsson
Eiríkur Jensson
Einar Vilhjálmsson

Umf. Stjarnan
Anna R Möller
Björgvin Jósefsson
Gunnar V. Johnsen
Sigurður Hansson
Guðni Jóhannesson
Pálína Hinriksdóttir
Stefán Árnason

Handknattleiksfélag Kópavogs
Þorsteinn Einarsson
Albert H.N. Valdimarsson
Ólafur Briem
Jón Árman Héðinsson

Íþróttafélagið Gerpla
Ingvar Árnason

Siglingafélagið Ýmir
Ólafur Bjarnason
Gísli Hauksson

Golfklúbbur Kópavogs
Þorkell Ágústsson

Íþróttafélagið Grótta
Bjarni T. Álfþórsson

Hestaþróttafélagið Hörður
Ólina Ásgeirs dóttir
Hulda Þórðardóttir



Íþróttadeild Andvara

Hulda Sigurðardóttir
Kristján Karlsson

Keilufélag Garðabæjar

Sigurjón Guðfinnsson

Skotfélag Kópavogs

Hannes Haraldsson

Siglingafélagið Sigurfari

Hjörtur Hjartarson

Golfklúbbur Bakkakots

Guðjón Jóhannsson

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Hraunar Danielsson formaður UMSK kynnti Golfklúbb Hvammsvíkur sem fékk á s.l. ári samþykki stjórnar til inngöngu í sambandið.

Pingheimur samþykkti aðild félagsins samhljóða.

10. Umræður um skýrslu stjórnar

Páll Aðalsteinsson annar þingforseti tók fyrstur til máls og sagði að alltaf væri gaman að koma á UMSK þing og sjá bæði gömul og ný andlit. Þetta þing skæri sig þó úr að einu leyti, þ.e. hve margir fullorðnir sitja þetta þing fyrir hönd sinna félaga í stað þess að oft hafa félögin sent unglings til þess að fylla upp fulltrúatölu sína. Ástæðan væri örugglega sú að foreldrar eru nú meira komnir í starfið en áður. Einnig sagði hann það ánæjulegt hve UMSK stendur vel fjárhagslega.

Pá tók til máls Ólína Sveinsdóttir og þakkaði hún fyrir feyfilega góða skýrslu og sagði það ekki gott að menn segji ekki einu sinni takk fyrir. Hún sagði að Hafsteinn Pálsson fráfarandi formaður og Birgir framkvæmdastjóri hefðu unnið stórkostlegt verk fyrir sambandið.

Næstur tók til máls Jón Ingi Ragnarsson og þakkaði hann Hafsteini fyrir hans starf. Hann sagðist hafa verið óánægður með 70 ára afmæli UMSK því að allt of fáir mættu en búist hafði verið við húsfylli. Að lokum þakkaði hann glæsilega skýrslu.

Ingvar Ármason tók næstur til máls og tjáði hann þingheimi að stjórn félagsins hefði skrifað ríkisskattstjóra bréf þar sem hún hefði farið fram á fund vegna rannsókna embættisins á bókhaldi félagsins. Svar hefur enn ekki borist og vildi hann að þingheimur ræddi þessi mál.



Því næst tók til máls Haukur Hauksson og vakti hann athygli á þeirri miklu sjálfboðavinnu sem unnin er innan félaganna. Miðað við það sjálfboðaliðastarf sem unnið er innan UBK má reikna með að innan UMSK séu unnin u.p.b. 150 ársverk. Hann lýsti óánægju sinni með forystu ÍSÍ varðandi skattamálin. Menn koma inn í starf deilda á miðju ári og því ekki sanngjarnt að þeir beri ábyrgð á störfum annara.

Ellert B. Schram steig nú aftur í pontu og lýsti ánægju sinni yfir því að þessi umræða væri komin af stað. Ríkisskattstjóri er óháður aðili og það er talið að skattsvik hafi tilökast innan félaganna bæði á meðal þjálfara og keppnisfólks. Það er rétt að fjöldi fólks vinnur í sjálfboðavinnu fyrir félögin en það sé samt ekki ástæða til þess að halda hlífiskildi yfir skattsvikum.

Mikilvægt er fyrir alla íþróttahreyfinguna að fara að lögum því að ef það er ekki gert mun skattrannsóknastjóri fara af fullum krafti í bókhald félaganna. Ef íþróttafélögin gefa ekki upp laun þjálfara þá mun hann beita sér fyrir því innan ÍSÍ að þau verði svipt lottógreiðslum.

Ingvar tók þá aftur til máls og fjallaði um skattamál. Hann ræddi ýmis vandamál varðandi launamál þjálfara.

Ellert svaraði fyrirspurnum yngvars og sagði að ÍSÍ geti ekki samið um að felld verði niður launatengd gjöld. Íþróttafélögin verða að fara að lögum

Jón Ingi Ragnarsson UBK vakti sérstaklega athygli á því að Kópavogskaupstaður hefði ekki styrkt UMSK á árinu 1992. Ástæðan er sú umræða hefur verið innan bæjarins um aðild Kópavogsfélaganna að UMSK og hefur þessi umræða komið frá bæjaryfirvöldum. Í sambandi við skattamálin tók Jón það fram að UBK sendi ríkisskattstjóra ársskýrslu félagsins síðustu þrijú árin

11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Matarhlé

Pingforseti bar því næst reikningana upp til athvæða og voru þeir samþykktir samhljóða.

Í matarhléi bauð bæjarstjórn Garðabæjar upp á mat og er þeim hér með þakkað fyrir. Við það tækifæri ávarpaði Sigrún Gísladóttir forseti bæjarstjórnar Garðabæjar þingheim, hún þakkaði það kraftmikla íþróttastarf sem fram fer í bænum.



Að lokum voru skólum og íþróttamannvirkjum í Mosfellsbæ afhent þakklætisvottur fyrir aðstöðuna á landsmóti 1990:

Birgir Sveinsson tók við fánastöng og fána fyrir Varmáskóla.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir tók við fánastöng og fána fyrir Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar.

Davíð B. Sigurðsson tók við klukku með merki landsmótsins fyrir hönd íþróttamannvirkja.

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu

Skipað var í eftirtaldar nefndir til starfa á þinginu og voru nefndarmenn eftirtaldir:

1. Fjárhagsnefnd

Sigurjón Guðfinnsson	KGB	formaður
Steini Þorvaldsson	UBK	
Eiríkur Jensson	UBK	
Porkell Ágústsson	UBK	
Halldóra Káradóttir	UMFA	
Hjörtur Hjartarson	Sigurfari	
Björgvin Jósefsson	Stjarnan	
Sigurður Hansson	Stjarnan	
Stefán Árnason	Stjarnan	

2. Íþróttanefnd

Andrés Pétursson	UBK	formaður
Óttar B. Ellingsen	UBK	
Kristín Guðmundsdóttir	UBK	
Kjartan Sigtryggsson	UMFB	
Ólafur Bjarnason	Ýmir	
Hannes Haraldsson	Skof. Kóp	
Hulda Sigurðardóttir	Andvara	
Bjarni T. Álfþórsson	Grótta	
Anna R. Möller	Stjarnan	
Guðni Jóhannesson	Stjarnan	

3. Allsherjarnefnd

Albert H.N. Valdimarsson	HK	formaður
Hreinn Jónasson	UBK	
Einar Vilhjálmsson	UBK	
Hulda Þórðardóttir	Hörður	
Kristinn Sigurðsson	UMFB	
Gísli Hauksson	Ýmir	
Guðjón Jóhannesson	GOB	
Kristján Karlsson	Andvara	
Hilmir Ágústsson	UMFA	
Gunnar V. Johnsen	Stjarnan	
Pálína Hinrikssdóttir	Stjarnan	
Höskuldur Gunnarsson	Dreng	

**13. Fjárhagsáætlun
fyrir næsta ár lögð
fram****4. Kjörnefnd**

Jón Ingi Ragnarsson	UBK	formaður
Ingvar Árnason	Gerpla	
Eyjólfur Árni Rafnsson	UMFA	

Birgir Ari Hilmarsson framkvæmdastjóri flutti fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Fjárhagsáætlun 1993**Tekjur:**

Útbreiðslustyrkur	1.300.000
Getraunir	700.000
Lottó 5/38	1.800.000
Framlög sveitarfélaga	200.000
Skattur aðildarfélaga	<u>1.000.000</u>
	<u>5.000.000</u>

Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.800.000
Þing og sérnefndir	900.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	300.000
Annar kostnaður	<u>1.000.000</u>
	<u>5.000.000</u>

vísad til fjárhagsnefndar

**14. Laga og leikreglnabreytingar lagðar
fram**

Engar laga- og reglugerðarbreytingar voru lagðar fyrir ársþingið

**15. Aðrar tillögur
lagðar fram**

Eftirfarandi tillögur frá stjórn UMSK voru lagðar fyrir þingið.

Pingskjal nr. 3

69. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaranámskeið fyrir hinar ýmsu íþróttagreinar.
vísad til íþróttanefndar

Pingskjal nr. 4

69. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórmarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

vísad til allsherjarnefndar



Pingskjal nr. 5

69. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélöganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

vísað til fjárhagsnefndar

Pingskjal nr. 6

69. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1994 við íbúafjölda kr. 30 á íbúa.

vísað til fjárhagsnefndar

Pingskjal nr. 7

69. Ársþing UMSK... beinir því til stjórnar UMFÍ að beita sér fyrir því að á Landsmóti UMFÍ 1994 verði keppt í 2. aldursflokki í stað meistaraflokks í knattspyrnu karla.

vísað til íþróttanefndar

Pingskjal nr. 8

69. Ársþing UMSK... hvetur stjórvöld til aðgerða sem miða að eflingu íþróttastarfs í landinu, í ljósi þess að íþróttastarf er forvarnarstarf.

vísað til allsherjarnefndar

Pingskjal nr. 9

69. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að huga nú þegar að þátttöku í 21. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður að Laugarvatni 1994.

vísað til íþróttanefndar

16. Nefndarstörf

Nefndir störfuðu vel eins og fram kemur í næsta lið.



17. Afgreiðsla á áliti nefnda

Nefndarformenn komu í pontu og skiliðu áliti.

Fjárhagsnefnd:

Pingskjal nr. 5

68. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Samþykkt samhljóða

Pingskjal nr. 6 með breytingum

68. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórmarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1994 við íbúafjölda kr. 25 á íbúa.

Samþykkt samhljóða

Pingskjal nr. 2

Fjárhagsáætlun 1993

Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	1.300.000
Getraunir	700.000
Lottó 5/38	1.800.000
Framlög sveitarfélaga	200.000
Skattur aðildarfélaga	<u>1.000.000</u>
	<u>5.000.000</u>

Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.800.000
Ping og sérnefndir	900.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	300.000
Annar kostnaður	<u>1.000.000</u>
	<u>5.000.000</u>

Samþykkt samhljóða

Íþróttanefnd:

Pingskjal nr. 3

69. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda og/eða sækja dómaranámskeið fyrir hinrar ýmsu íþrótttagreinar.

Samþykkt samhljóða

Pingskjal nr. 7

69. Ársþing UMSK... beinir því til stjórnar UMFÍ að beita sér fyrir því að á Landsmóti UMFÍ 1994 verði keppt í 2. aldursflokki í stað meistaraflokks í knattspyrnu karla.

Samþykkt samhljóða

Pingskjal nr. 9

69. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að huga nú þegar að þátttöku í 21. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður að Laugarvatni 1994.

Samþykkt samhljóða

Allsherjarnefnd:**Pingskjal nr. 4**

69. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

Samþykkt samhljóða

Pingskjal nr. 8 Með breytingum

69. Ársþing UMSK... hvetur stjórvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

Samþykkt samhljóða

Pingskjal nr. 10 Ný tillaga

69. ársþing UMSK... beinir því til stjórnar UMSK að halda námskeið um reikningshald og skattaskil fyrir aðildarfélögin sem fyrst.

Samþykkt samhljóða

Pingskjal nr. 11 Ný tillaga

69. ársþing UMSK... hvetur ÍSÍ til að halda sérstakan fund um skattaskil félaganna með formönnum héraðssambandanna. Þessi fundur verði haldinn í tengslum við sambandsstjórnarfund nú í vor.

Samþykkt samhljóða

Pingskjal nr. 12 Ný tillaga

69. ársþing UMSK... samþykkir að haldinn verði formannafundur innan UMSK um skattaskil félaganna.

Samþykkt samhljóða



18. Önnur mál

Hafsteinn Pálsson f.v. formaður UMSK tók til máls og fjallaði um iökenda- og félagtal sem ÍSÍ hefur ákveðið að taka upp og félögin þurfa framvegis að skila með kennsluskýrslum. Fulltrúafjöldi félaganna á þingum sérslambanda munu ákvarðast af þessum skýrslum. Hafsteinn þakkaði fyrir gott og ánægjulegt samstarf sem formaður UMSK síðastliðin sex ár og óskar sambandinu alls hins besta í framtíðinni

Sigurjón Guðfinnsson tók næstur til máls og beindi spurningu til Hafsteins varðandi skilgreiningu á iökanda.

Steini Þorvaldsson steig næstur í pontu og benti á það, að í lögum UMSK væri hvorki skilgreint tilgangur né markmið sambandsins. Þá nefndi hann fjárhagsleg vandamál hinna einstöku deilda og benti nýrri stjórn á að skilgreina og meta þyrfti sjálfboðaliðastarf innan félaganna.

Eyjólfur Árni Rafnsson steig næstur í pontu og sagði að félögin þyrftu að vera heiðarleg í skattamálum og benti á það að félögin ættu að taka upp viðræður við stjórnvöld um að skatturinn eigi að renna aftur til sþróttu- og æskulýðsmála. Hann telur að umræður innan Kópavogs um aðild að UMSK sé af hinu slæma og að UMFÍ eigi að taka þetta upp á sína arma.

Hafsteinn Pálsson kom næstur í pontu til að svara spurningu Sigurjóns. Hann sagð að iökandi væri félagsmaður, sem iðkar ákveðna sþrótttagrein innan félagsins. Ekki er skilgreint hvenær félagsmaður er orðin iökandi, félögin og deildirnar þurfa að meta það sjálfar.

19. Kosningar

Jón Ingi Ragnarson talaði fyrir hönd kjörnefndar og flutti tillögur nefndarinnar.

Formaður:

Svanur M. Gestsson

Tveir stjórnarmenn til tveggja ára:

Iraunar Danielsson

Ester Jónsdóttir

Einn stjórnarmann til eins árs: Höskuldur Gunnarsson sem kosinn var til tveggja ára í fyrra hefur kosið að hætta í stjórn vegna flutnings út á land.

Margrét Guðmundsdóttir



Prír menn í varastjórn til eins árs:

Örn Harðarson
Albert H.N. Valdimarsson
Sigurjón Guðfinsson

Tveir endurskoðendur

Ólína Sveinsdóttir
Steinþór Pálsson

Tveir endurskoðendur til vara:

Kristján Sveinbjörnsson
Gunnar Páll Pálsson

Einn aðalmaður í dómstól til þriggja ára:

Halldór Frímannsson

Einn varamaður í dómstól til þriggja ára:

Gunnar Lúðvíksson

Engara aðrar tillögur komu fram og hlutu því allir ofangreindir kosningu til þeirra starfa sem að ofan er getið.

Pá steig Svanur M. Gestsson í pontu og þakkaði það traust sem hann hlaut í kosningu til formanns og sagðist vona að hann væri traustsins verður og að hann mundi gera það sem í hans valdi stæði til að vinna vel fyrir UMSK.

Hraunar Daníelsson þakkaði starfsmönnum fundarins fyrir þeirra störf, fundarmönnum fyrir góða fundarsetu, bæjarstjórn Garðabæjar og Stjörnunni fyrir gestrisni þeirra. Hann þakkaði einnig Hafsteini Pálssyni fyrir gott starf í þágu UMSK og einnig Höskuldi Gunnarsyni og Björgvini Jósefssyni fyrir stjórnarsetu þeirra. Að lokum bauð hann nýjan formann og stjórnarmenn velkomna til starfa.

20. Þingslit

Þinginu var slitið kl. 15:00



Tillögur samþykktar á 69. ársþingi UMSK

Pingskjal nr. 2

Fjárhagsáætlun 1993

Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	1.300.000
Getraunir	700.000
Lottó 5/38	1.800.000
Framlög sveitarfélaga	200.000
Skattur aðildarfélaga	<u>1.000.000</u>
	<u>5.000.000</u>

Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.800.000
Ping og sérnefndir	900.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	300.000
Annar kostnaður	<u>1.000.000</u>
	<u>5.000.000</u>

Pingskjal nr. 3

69. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda og eða sækja dómaranámskeið fyrir hinar ýmsu íþróttagreinar.

Pingskjal nr. 4

69. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

Pingskjal nr. 5

69. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

**Pingskjal nr. 6**

69. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1994 við íbúafjölda kr. 25 á íbúa.

Pingskjal nr. 7

69. Ársþing UMSK... beinir því til stjórnar UMFÍ að beita sér fyrir því að á Landsmóti UMFÍ 1994 verði keppt í 2. aldursflokki í stað meistaraflokkss í knattspyrnu karla.

Pingskjal nr. 8

69. Ársþing UMSK... hvetur stjórvöld til þess að stórauka framlög til íþróttamála og viðurkenna með því, að forvarnarstarf íþróttafélaga hefur aldrei verið brýnna en nú um þessar mundir.

Pingskjal nr. 9

69. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að huga nú þegar að þátttöku í 21. landsmóti UMFÍ, sem haldið verður að Laugarvatni 1994.

Pingskjal nr. 10

69. ársþing UMSK... beinir því til stjórnar UMSK að halda námskeið um reikningshald og skattaskil fyrir aðildarfélögin sem fyrst.

Pingskjal nr. 11

69. ársþing UMSK... hvetur ÍSÍ til að halda sérstakan fund um skattaskil félaganna með formönnum héraðssambandanna. Pessi fundur verði haldinn í tengslum við sambandsstjórnarfund nú í vor.

Pingskjal nr. 12

69. ársþing UMSK... samþykkir að haldinn verði formannafundur innan UMSK um skattaskil félaganna.



Séð yfir þingsalinn



Áhöfni á Sigurborg með
UMFÍ-Bikarinn



Þorsteinn Einarsson tikkur við
heiðursviðurkenningu UMSK



Lög og reglugerðir UMSK





Lög Ungmennasambands Kjalarneßþings

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarneßþings, skammstafað UMSK. Sambandsvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar árhvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögum með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrirhendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórmarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.



7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- Íþróttafulltrúi ríkisins.
- Endurskoðendur.
- Meðlimir fastanefnda.
- Starfsmenn sambandsins.
- Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðþingi. Hverfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðspings

Störf héraðspings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

- Pingsetning.
- Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- Kosning fyrsta og annars þingritara.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar lögð fram.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- Umræður um skýrslu stjórnar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
- Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
- Aðrar tillögur lagðar fram.
- Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- Afgreiðsla á áliti nefnda.
- Önnur mál.
- Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
 - Kosning formanns.
 - Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara
 - Kosning í héraðsdómstól.
- Pingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á two eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

**9. gr. Aukaþing**

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipta 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur two endurskoðendur og two til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

**11. gr. Hlutverk
stjórnar**

Stjórin stýrir málfeðnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

12. gr. Héraðsdómstóll

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úrdómnum og kys ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á sprottamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.



**14. gr. Atkvæðamagn
við
lagabreytingar**

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- a) Samþykkt héraðsþings UMSK: 1992-02-09
- b) Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ: 1992-10-29
- c) Staðfesting framkvæmdastjórnar UMFÍ: 1993-01-21



Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. STARFSMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaðimikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
2. SILFURMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
3. GULLMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átaska í félagsstörfum innan UMSK.
4. HEIÐURSVIÐURKENNING UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.
5. FÉLAGSMÁLASKJÖLDUR UMSK, gefinn ef Axeli Jónssyni og konu hans Guðrún Guðladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
6. AFREKSBIKAR UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. UMFÍ-BIKARINN skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. FRJÁLSÍPRÓTTABIKAR UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega í ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. SUNDBIKAR UMSK, gefinn af sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.

Reglugerð um sérnefndir UMSK

1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttareinrar.

2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttareinrar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeilda íþróttareinrarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttareinrar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á svíði íþróttareinrar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK
- Siglinganefnd UMSK
- Sundnefnd UMSK



Stjórn UMSK eins og hún er nú skipuð

Formaður	Svanur M. Gestsson	UMFA	S. 666944
Varaformaður	Hraunar Danielsson	UBK	S 41553
Ritari	Ester Jónsdóttir	UBK	S. 44158
Gjaldkeri	Margrét Guðmundsd.	Gerpla	S 656351
Meðstjórnandi	Guðrún Magnúsdóttir	UMFA	S. 667124
Til vara			
	Örn Harðarson	Hörður	S. 666359
	Albert H.N. Valdimarss.HK		S 52832
	Sigurjón Guðfinnsson	KGB	S 672026



Stjórn UMSK 1993

